



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um einföldun á regluverki og ferlum

Á fundi borgarstjórnar þann 3. október 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar borgarráðs:

Borgarstjórn samþykkir að stofna spretthóp þriggja borgarfulltrúa undir forystu formanns borgarráðs sem gegni því hlutverki að veita pólitíska forystu um einföldun á regluverki og ferlum skipulags- og byggingarmála í Reykjavík. Það sé fyrsta skref í því að auðvelda byggingaraðilum að mæta með sem skilvirkustum hætti mikilli eftirspurn á húsnæðismarkaði og freista þess þannig að hefja lausn á framboðsvanda húsnæðis sem blasir við öllum hagaðilum. Spretthópurinn hefst þegar handa og skal skila af sér fyrstu tillögum eigi síðar en í desember á þessu ári.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Til að ná því markmiði að byggja fyrir þau sem þurfa á húsnæði á að halda þarf að félagsvæða húsnæðisáætlun og stefnur borgarinnar. Lausnin felst ekki í því að slaka á reglugerðum og verkferlum sem eru þar til að tryggja að uppbygging fari vel fram, m.a. með tilliti til öryggissjónarmiða og að húsnæði sé heilnæmt til búsetu. Mikilvægt er að taka þó fram að í einhverjum tilfellum er ef til vill hægt að einfalda og skýra ferla t.a.m. með rafvæðingu og þá er sjálfsagt að fara í þannig uppfærslur. Fulltrúar Sósíalista sjá ekki að einföldun regluverks leiði til betri húsnæðisuppbyggingar þar sem slíkt leiðir líka til minna eftirlits.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Þetta er þörf tillaga að mati Flokks fólksins. Flokkur fólksins hefur ítrekað lagt fram tillögur af þessu tagi en þeim verið hafnað. Til dæmis lagði Flokkur fólksins til að umsækjandi um flókið byggingarleyfi fengi tengilið innan borgarinnar sem héldi utan um málið og öll gögn þess. Umsækjendur hafa þurft að ganga á milli Pontíusar og Heródesar með sín mál og jafnvel eru dæmi um að gögn hafi týnst. Stafrænar lausnir til að léttu umsækjendum ferlið og starfsfólki vinnuna eru ekki komnar í loftið og einhver bið verður enn á því eftir því sem næst verður komist. Miklar tafir hafa orðið á stafrænum lausnum á umhverfis- og skipulagssviði. Ekki dugar að státa sig af lista af einhverjum stafrænum lausnum sem ekki eru komnar í virkni. Flækjustigið í umsóknakerfi borgarinnar hefur mikinn fælingarmátt. Verktakar fara annað. Fram kemur á vefnum að umsagnarferlið geti tekið allt að 45 daga. Á þessu er allur gangur eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins hefur heyrt og er heildarumsóknarferlið iðulega mikið lengra. Með því að hafa samband við



Reykjavíkurborg

tengilið væri hægt að fá uppgengið strax hvar hvert og eitt gagn er statt í kerfinu og hvenær vænta má afgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um einföldun á regluverki og ferlum

Borgarstjórn samþykkir að stofna spretthóp þriggja borgarfulltrúa undir forystu formanns borgarráðs sem gegni því hlutverki að veita pólitíska forystu um einföldun á regluverki og ferlum skipulags- og byggingarmála í Reykjavík. Það sé fyrsta skref í því að auðvelda byggingaraðilum að mæta með sem skilvirkustum hætti mikilli eftirspurn á húsnæðismarkaði og freista þess þannig að hefja lausn á framboðsvanda húsnæðis sem blasir við öllum hagaðilum. Spretthópurinn hefst þegar handa og skal skila af sér fyrstu tillögum eigi síðar en í desember á þessu ári.